

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárbíngi ytra.

Faxaflatir, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárbíngs ytra samþykkti 8. maí 2024 tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Faxaflatir á Hellu, sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda 26. apríl 2018. Breytingarnar sem um ræðir eiga að mestu við um lóðina Faxaflatir 4, þar sem afmörkun lóðar verður lagfærð og byggingarreitur færður og stækkaður, bætt verði við verslunarhúsi og skilgreindar verði betur byggingarheimildir innan lóðarinnar. Að öðru leyti verði lóðamörk og byggingarreitir uppfærðir á svæðinu í samræmi við áður gerðar breytingar á mörkum svæðisins. Að auki verður númerun lóða uppfærð til samræmis við gildandi reglugerð um staðföng. Aðkoma að svæðinu er af Suðurlandsvegi.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og eldra deiliskipulag fellur samhliða úr gildi.

Hellu, 23. júlí 2024.

F.h. Rangárbíngs ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 7. ágúst 2024